



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 89. fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 21. júní 2017
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður, Zophonías Ari Lárusson,
varaformaður, Hörður Ríkharðsson, aðalmaður og Ágúst Þór Bragason, ritari.

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason,

Dagskrá:

1. Hafnarsamband Íslands - fundargerð stjórnar 23. maí 2017 - 1706003

Fundargerðin var lögð fram til kynningar

2. Brunavarnir Austur - Húnavatnssýslu - fundargerð 1. júní 2017 - 1706010

*Fundargerðin lögð fram til kynningar. Byggðaráð samþykkir samhljóða að
Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu kaupir slökkvibifreið eins og greint er frá í
fundargerð.*

*a. Byggðaráð í umboði sveitarstjórnar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð
vegna lántöku Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að
fjárhæð 15.000.000 til allt að 17 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69.gr.
sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa,
en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Austur-
Húnavatnssýslu. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í
2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns
kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið vegna kaupa á nýrri MAN
slökkvibifreið sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers
hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*b. Sveitarstjórn Blönduósbæjar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eigenda
Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu til að breyta ekki ákvæði samþykta Brunavarna
Austur-Húnavatnssýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að
félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.*

*c. Fari svo að Blönduósbær selji eignarhlut í Brunavörnum Austur-Húnavatnssýslu til
annarra aðila, skuldbindur Blönduósbær sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr
eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.*

*d. Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, kt. 161171-4339 veitt fullt og ótakmarkað
umboð til þess að staðfesta f.h. Blönduósbæjar veitingu ofangreindrar ábyrgðar og til
þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og
tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.*

3. SSNV - Fundargerð stjórnar 13. júní 2017 - 1706014

Fundargerðin lögð fram til kynningar

4. Veidifélag Blöndu og Svartár - fundarboð - 1706006



Almennur félagsfundur í Veiðifélagi Blöndu og Svartá var haldinn 14. júní sl.
Formaður byggðaráðs sótti fundinn og greindi frá niðurstöðu hans.

5. Norðurá bs - aðalfundarboð - 1706013

Boðað er til aðalfundar Norðurár bs. 29. júní 2017 í Miðgarði í Skagafirði. Samþykkt að Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri mæti sem fulltrúi Blönduósbæjar á aðalfundinn og að Ágúst Þór Bragason verði varamaður hans.

6. SSNV - Erindi frá stjórn SSNV um styrk til Skíðadeildar Tindastóls - 1706004

Skíðadeild Tindastóls óskaði eftir því við stjórn SSNV að veittur verði styrkur til uppbyggingar á skíðasvæðinu í Tindastóli. Stjórn SSNV óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar Blönduósbæjar til þess hvort SSNV eigi að veita Skíðadeildinni styrk að upphæð 30. milljónir króna enda hafi Skíðadeildin sýnt fram á fjármögnun verksins að öðru leyti.

Fram kom tillaga frá L-listanum um að mæla með því að veita styrk til Skíðadeildar Tindastóls enda samþykki önnur sveitarfélög innan SSNV styrkinn. Tillagan samþykkt með 2 atkvæðum.

Hörður Ríkharðsson lagði fram svo hljóðandi bókun: Hyggist stjórn SSNV útdeila fé samtakanna með þeim hætti sem fram kemur í erindi þessu hlýtur það að teljast eðlilegt að það verði auglýst með almennum hætti þannig að félagasamtök og fyrirtæki á starfssvæði SSNV geti sótt um og vænlegustu verkefni verði þá valin.

7. SSNV - Tillaga stjórnar á 25. ársþingi um skipun samgöngu- og innviðanefndar SSNV - 1705028

SSNV óskar eftir tilnefningu Blönduósbæjar í samgöngu- og innviðanefnd SSNV. Samþykkt að Zophonías Ari Lárusson verði aðalmaður og Guðmundur Haukur Jakobsson til vara.

8. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags 2017 - 2018 - 1705006

Afgreiðsla málsins er færð í trúnaðarbók. Afgreiðslu viðauka er frestað til næsta fundar.

9. Ljósleiðaravæðing í dreifbýli Blönduósbæjar - 1603011

Opnuð voru tilboð í sölu á ljósleiðarakerfi Blönduósbæjar að afloknu útboði 15. júní sl. Eitt tilboð barst frá Mílu ehf. að upphæð 6.400.000 króna án virðisaukaskatts. Samþykkt að fela sveitarstjóra að semja um sölu á ljósleiðarakerfinu til Mílu ehf. Byggðaráð samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun og koma 6.400.000 til hækkanar á eigin fé.

10. Íbúðalánasjóður - erindi til sveitarstjórnar - 1706009

Íbúðalánasjóður býður Blönduósbæ að kaupa fasteignir á Blönduósi í þeirra eigu og nýta sem leiguíbúðir. Blönduósbær hefur ekki áhuga á kaupum á umræddum íbúðum.

11. Reiðveganefnd Neista - beiðni um aðgang að malarnámu - 1611006

Reiðveganefnd hestamannafélagsins Neista óskar eftir að fá aðgang að námunnu við gamla reiðvöllinn í Kúagirðingunni. Erindið var áður á dagskrá 23. nóvember 2016. Erindi reiðveganefndar er hafnað og ekki stendur til að heimila opnun á efnisnámu í



Byggðaráð

Kúagirðingunni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:25

Guðmundur Haukur Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Hörður Ríkharðsson

Ágúst Þór Bragason